

Nd.

## 93. Frumvarp til laga

[70. mál]

um skattfríðindi sjómanna á fiskiskipum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

### 1. gr.

Við ákvörðun á skattskyldum tekjum íslenzkra sjómanna á fiskiskipum skal telja  $\frac{1}{3}$  hluta þess kaups, sem þeir hafa aflað sem sjómenn á íslenzku fiskiskipi, sem skattfrjálsan kauphluta.

Atvinnurekendur skulu við uppgjöf á atvinnutekjum til skattayfirvalda tilgreina, hvort nokkur hluti tekna telst sem sjómannstekjur samkv. 1. málsg.

### 2. gr.

Allir þeir, sem stundað hafa sjómannsstörf á íslenzku fiskiskipi í 6 mánuði eða lengur á skattárinu, eiga rétt til þess að draga frá brúttótekjum sínum 4000 kr. vegna vinnufatakaupa. Fjárhæð þessi skal dregin frá tekjunum, áður en untreikningur fer fram og skattskyldar tekjur fundnar.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1954.

### Greinargerð.

Aðaltilgangur þessa frumvarps er að veita starfandi fiskimönnum nokkra tekju-skattsvilnun.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að sjómenn á íslenzkum fiskiskipum njóti þeirra fríðinda að mega draga  $\frac{1}{3}$  hluta af sjómannskaupi sínu frá brúttótekjum framföldum til skatts. Ákvæði þetta mundi, ef að lögum yrði, léttu talsvert skattgreiðslur hlutaðeigandi manna.

Í 2. gr. eru ákvæði um nokkra skattvilnun til sömu manna, þar sem heimilað er að draga 4000 króna upphæð frá tekjum til skatts vegna vinnufatakostnaðar sjómanna.

Meginástæðan til þess, að rétt þykir að veita fiskimönnum skattvilun fram yfir aðra, er, að reynslan sýnir, að verra er að fá menn til þeirra starfa en flestra annarra. Því verður ekki heldur neitað, að tekjur sjómanna, sem eðlilega dveljast langtímum fjarri heimilum sínum, reynast ódrýgri en tekjur þeirra, sem vinna heima hjá sér og geta notað allar frístundir til fyrirgreiðslu eða umönnunar við heimili sín. Sjómaðurinn verður oft að kaupa heimili sínu aðstoð í fjarveru sinni, en sá, sem vinnur heima, á auðvelt með að sinna slíku sjálfur án sérstakra útgjalda.

Síðustu árin hefur sífellt borið meira og meira á því, að erfitt væri að fá menn til starfa á fiskiskipum. Kaup fiskimanna hefur ekki þótt sérstaklega eftirsóknarvert og starfsskilyrði þeirra venjulega lakari en í landi. Skortur á góðum sjómönnum er þegar orðinn mikið áhyggjuefni þeirra, sem annast rekstur fiskiskipa. Skattfríðindi, sem veitt yrðu fiskimönnum, ættu að vera einn þáttur í því að örva menn á ný til starfa á fiskiskipum, en þau störf eru íslenzku þjóðinni þýðingarmeiri en flest önnur. Mér er það ljóst, að meiri og stærri ráðstafanir þarf að gera en felast í þessu frumvarpi, til þess að snúa við þeim ógæfusamlega straumi síðustu ára, sem sífellt dregur fleiri og fleiri menn frá framleiðslustörfum þjóðarinnar, og þá einkum fiskveiðunum, til óarðbærrar og sumpart óþjóðhollrar vinnu í landi.

Íslenzkir sjómenn hafa fram til þessa verið öðrum sjómönnum, sem starfa að fiskveiðum í norðurhöfum, duglegri og afkastameiri. Það hefur líka reynzt undirstaðan í þjóðarþúskaðum okkar. Það er því sannarlega alvörumál öllum landsmönnum, ef kjarni okkar fiskimannastéttar leitar frá fiskveiðistörfum og hópast í land að tekjumeiri störfum þar.

Skattafríðindi þessa frumvarps eru aðeins smáviðurkenning til handa fiskimönnum okkar á hinu þýðingarmikla starfi þeirra og eiga að stuðla að því, að góðir sjómenn flýi ekki frá störfum sínum í landvinnu.